

[ Umsögn Bergþóru Sigurðardóttur ]

Rammaáætlun, c/o Orkugarður,  
Grensásveg 9,  
108 Reykjavík

Umsögn um Rammaáætlun 2. Aðallega náttúruna.

Niðurstöður Rammaáætlunar 2 voru mér vonbrigði. Friðuðum landsvæðum er ekki hlíft frekar en áður, friðun og friðlýsing einskis metin. Þau svæði sem metin voru náttúrunni í hag í fyrri áætlun eru endurmetin. Ekki er minnst á náttúruna í efnisyfirliti. Ætla mætti að við séum síðasta kynslóðin sem byggir þetta land. Skýrsla sem Náttúrfræðistofnun Íslands var falið að gera: **“Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands. Jarðfræði, landmótum og yfirborðsummerki jarðhita”** hverfur á netsíðu rammaáætlunar innan um efnisyfirlit tugi annar greina. Í raun þarf að vita að tilvist hennar til að finna hana. Sú skýrsla hefði þurft að fylgja með eða t.d. 57 fyrstu síðunnar til að gefa náttúrunni vægi. Tölur eru ekki besta leiðin til að lýsa náttúrunni.

Ég ætlaði mér fyrst og fremst að ræða alþjóðlega ábyrgð á háhitasvæðum. Árnar okkar eru ekki nema smásprænur á alþjóðlegan mælikvaða. Mér var samt hugsað til Arnardals og næturinnar sem ég svaf í nágrenni Dyngju í Arnardal. Mig dreymdi áreiðanlega ekki sama draum og suma dreymdi síðar um þennan dal. Í raun er Arnardalur ekki dalur heldur gróin hálendisvin, flæðislétta. Langstærsti draumurinn hafði ekki öðlast birtingarmátt, svo að ég gat sofið rótt. LSD kom mér til að líta í bók Patrick McCully *“Silenced Rivers”*. Það er svo margt skrýtið í kýrhausnum. Þar má lesa á bls.143 um “greenhouse gas emissions” frá uppistöðulónum. Um Tucurui-lónið í Brasilíu segir að það hafi *“60% as much impact on global warming as a coal-fired plant generating the same amount of electricity – but 50% more impact than a gasfired powerstation.”* Miðað við þessar upplýsingar getum við ekki keppt við löndin við Persaflóa, sem hafa allt við hendina bæði baxitið og gasið. Mér er líka hugsað til Djúpár og stuðlabergsveggi hennar eru þeir minna virði en stuðlarnir í Giant’s Causeway á Írlandi. Þeir eru á Heimsminjaskrá. Hverfisfljót, sem hrakið var úr fyrri farvegi sínum í Skaftáreldum hefur aðeins haft árin frá 1783 til að grafa gljúfur og mynda fossa.

Í fyrri áætlun var ekki minnst á alþjóðlega ábyrgð á jarðminjum (geocites) og heldur ekki í 2 áfanga nema í skýrslu Náttúrufræðistofnunar. Reyndar er hugtakið jarðfræðileg fjölbreytni (geodiversity) miklu nýrra hugtak en lífræðileg fjölbreytni (biodiversity) og hefur ekki náð sömu athygli. Stök voru rædd í fyrri áfanga en fengu þar ekki nóg vægi.

Í ritinu “Classic Geology in Europe 3”, segir um Ísland. *“Iceland is a geological marvel where the elements of nature appear to spring to life right in front of you. From a personal experience, we have no hesitation in declaring it to be one of the most dramatic “geowonderlands” on Earth in a class with Hawaii and New Zealand”*.

Einnig segir að Ísland sé einstök rannsóknarstofa þar sem hægt er að sjá flest jarðfræðileg fyrirbæri. Það er lega Íslands á miðhafshrygg og heitum reit, sem skapa þessar mögnuðu aðstæður. Stærsta landsvæði jarðarinnar á miðhafshrygg. Vissulega eru það gosbeltin sem búa bæði yfir undrinu og jarðvarmanum. Nú er farið að viðurkenna að jarðhiti sé ekki sjálfbær. Ný-Sjálendingar brenndu sig á því. Það þarf að hvíla jarðhitakerfi.

Fá virk eldfjöll eru í Evrópu. Miðjarðarhafir hefur Aeolian eyjaklasinn sem Stromboli tilheyrir verið settur á Heimsminjaskrá. Stromboli er lýst sem mjög mikilvægri rannsóknarstöð í eldfjallafræði.

Er okkur heimilt að ganga um þetta land með hugarfari gullgrafarans og skapa forgengileg verðmæti í eigu útlendinga? Dapurlegt er líka hvað aflíð nýtist illa ef bara á að framleiða rafmagn, venjulega aðeins um 11% af orkunni nýtist. Gæti það átt eftir að aukast? Bestur árangur næst, þegar annars konar nýting kemur einnig til eins og húshitun og

heilsuþöð. Getum við ekki beðið eftir því að t.d. osmotiskur þrýsingur við árrósa verði vænlegur orkugjafi? Það er ekki nema á annan áratug í það geti orðið.

## Torfajökulsvæðið.

Ég hrökk við þegar ég sá að Friðland á Fjallabaki var aftur á dagskrá. Nú eru tiltekin 6 svæði á Torfajökulssvæðinu. Ég var á myndasýningu hjá Ferðafélagi Íslands í fyrri viku. Þar kynnti Ólafur Örn Haraldsson næstu Árbók Ferðafélagsins en hún er um Fjallabak. Hvílík dýrð, ekki að ég hafi ekki skynjað hana á eigin skinni áður. En náttúran þar hafði svo sterk áhrif á mig að mig langaði til að samlagast henni. Mig langar hins vegar ekki til að öskunni minni verði sallað niður í borholu. Ég vil frekar að hún verði áburður fyrir geldingahnapp hjá glitrandi hrafntinnusalla.

Getur einhver dregið það í efa að þetta sé landsvæði sem við séum skyldug til að varðveita? Kannski er verndin þegar í höfn af því að svo margir, bæði landsmenn og útlendingar, þekkjá núorðið Laugavegin að það yrði skömm á við bankahrun að leyfa sér að bora þar. Stærsta jarðhitasvæði landsins er einstakt á heimsvísu. Bíðum með að bora, þangað til orkuskortur heimsins verður svo brýnn að Kaninn fer að bora í Yellowstone. Öll þau gögn sem orkustofnun býr yfir ásamt Árbók Ferðafélagsins 2010 ættu að vera góður vegvísir á Heimsmínjaskrá. Á orkuþingi 2006 var talið líklegt að svæðið yrði geymt til síðari tíma.

## Krafla

Í Drögum að tillögum að matsáætlun vegna háspennulína að Bakka við Húsavík segir á bls. 18 : *“Í febrúar 2007 skipuðu Landsvirkjun, Peistareykir ehf. og Landsnet hf. hóp sérfræðinga til þess að meta jarðvá fyrir virkjunarstaðina Peistareyki, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag, auk línustæða háspennulína frá virkjunum að iðnaðarsvæði við Bakka norðan Húsavíkur. Í skýrslu hópsins kemur fram að jarðvá tengist einkum eldvirkni, jarðskjálftum og hreyfingu tengdri landreki og kvikusöfnun í jarðskorpunni”*. Er hægt að segja það skýrar að þetta landsvæði sé einstakt, ótrúleg jarðfræðileg fjölbreytni, land, sem ekki á að misþyrma meira en orðið er. Við þurfum aðeins að ganga kringum Leirhnjúk til að sjá þessa krafta. Það rýkur úr gliðnunarsprungum í nýja hraunin og lyngmói hefur rifnað í sundur. Í suðri má sjá með leikmannsaugum, nokkra metra breitt landsig. Nýjir eldgígir nýjar útfellingar, ný volg tjörn alls staðar ný sköpun og það sem gerir þetta enn merkilegra er aðkoma vísindamanna að þessu furðuverki. Ekki þeirra sem ”sköpuð” hverinn Sjálfskaparviti og hjuggu í sama knérunn í IDDP og komu niður í 1050° heita líparitkviku á um 2,1 km dýpi.. Þessu ætla þeir að monta sig af á Bali. Það hefði nú verið flott að framkalla aftur borholugos. Þeim tókst að loka holunni og ná upp bornum með líparitgler í kjaftinum. Þeir áttu víst hálfvegis von á þessu, skemmtilegur leikur eða er ekki svo? Ekki er numið staðar við svo búið. Á 115 dögum á að komast niður á 4500 m í sumar.

Ég á við vísindamennina, sem skráðu hvað var að gerast á meðan á Kröflueldum stóð: landris, sig, sprenging, leirslettur, gos, eldhraun, sem flæddi jafnvel aftur niður í sprungu í jörðinni. Þannig innskot höfðu menn engan grun um áður. Við höfum líka söguna. Jón Sæmundsson prestur í Reykjhlíð varð að flýja bæinn í Mývatnseldum. Kirkjan stóð eftir umlukin hrauni. Lýsingar hans af 18.des.1728 ..”uppkom hræðilegt eldsbál og jarðeldsbruni við Mývatn”... “ uppspjó glóandi hraun, marga faðma háu í loftið til dæmis líkt sem ein soðning í eldheitum potti uppkastast”. Hann talar um að jörðin hafi uppbæms. Hann sá landris án mælitækja. Ef við förum lengra aftur í sögunni þá má gera að því skóna að Garðar Svavarsson hafi nefnt Skjálfanda eftir jarðskjálftum sem urðu er Daleldar brunnu fyrir um 1100 árum. Garðar sendi þræl sinn upp eftir allri Laxá til landkönnunar, gekk hann kringum Mývatn og sagði húsbónda sínum frá. Garðar brá honum um skrök. Varð þrællinn svo reiður að hann lagði það á, að eldur skyldi spretta upp í hverju sínu spori.

Af hverju höfum við ekkert heyrt um uppástungu Norrænu ráðherranefndarinnar 1996 um 21 landsvæði á Norðurlöndum sem ættu heima á Heimsmínjaskrá UNESCO.

Þar af á Íslandi : Mývatn, eldfjallasvæði ásamt Mývatni  
Surtsey –ung eldfjallaeyja  
Þingvellir – sprunga og hrauna landslag ( Fór ekki á skrá UNESCO á  
jarðfræðinni).

Snorralaug- famous hot spring pool .

Mér finnst orðalagið um Snorralaug benda til að hugmyndin sé ekki frá Íslendingi komin. Mývatnssvæðið séð með útlendingsaugum eins og bresku hjónanna sem ég hitti á Fosshóli í sumar. Þau sögðu mér að þau hefðu ferðast um mörg eldfjallalönd en Mývatnssvæðið bæri af þeim öllum. Maðurinn læddi því jafnvel að, hvort kreppan mundi ekki vinna náttúrinni í hag! Þetta svæði er raskað og því tilvalið að misþyrma því meir. Þarna hljótum við að bera alþjóðlega ábyrgð og verðum að bjarga því sem bjargað verður.

### **Þjórsárver, Kerlingafjöll.**

Um þau segir Dr.Jack D.Ives: ” *I must emphasize that the Kerlingafjöll-Hofsjökull-Þjórsárver region, as viewed from a hilltop on the southeast side of the Þjórsá (for example, from Sóleyjarhöfði), is one of the most majestic and inspiring landscapes of the entire world.* ” Þetta segir maður sem gaf okkur kost á að sjá myndir sem hann hafði tekið, er hann var að meta Himalayafjöllin á Heimsminjaskrá og maður var agndofa að horfa á fegurðina. Hann heldur áfram: “*I would expect that an enlarged nature reserve to include Kerlingafjöll, sections of the surrounding desert, and the whole of Hofsjökull, would prove a serious candidate for designation as a World Heritage site*”.

Kerlingafjöll í sinni ljósu fegurð eru einstök. Þau eru á náttúruminjaskrá. En litið er á þau með girndaraugum. Þar eru líka líparítstapar eins og Laufafell og Kirkjufell að Fjallabaki. Mér hefur ekki með hjálp jarðfræðinga tekist að finna slíka stapa annars staðar á jarðkringlunni.

### **ASKJA , Kverkfjöll og Vonarskarð.**

Átti þetta að vera brandari? Hvað um Upptýppinga sem suma klæjar eftir að bora hjá? Ég sakna Grímsvatna og Mýrdalsjökuls.

### **Hveravellir.**

Þeir eru friðlýst náttúruvætti og einnig sögufrægur staður með minjum. Talið eitt af margbreytilegustu hverasvæðum landsins þrátt fyrir smæð sína. “ Háhitasvæðið á Hveravöllum er áhugavert vegna gildis þess fyrir ferðaþjónustu. Einnig kann þar að finnast háhiti í nágrenni sem virkja mæti án þess að raska svæðinu, ”segir á Orkuþingi 2006. Þarf ekki raflínu?

### **Reykjanes.** Eldfjallagarður gefur von um betri tíð.

Á bls.57 í greinargerð Náttúrufræðistofnunar tekin fyrir svæði þar sem þeir telja okkur bera alþjóðlega ábyrgð á það eru:

### **Reykjanes, Geysir, Landmannalaugar, Torfajökulssvæðið, Askja, Krafla og Gjástykki.**

Síðustu vikur hafa sannarlega sýnt ekki bara okkur heldur heiminum að landið okkar er jarðfræðilegt undraland. .

Virðingarfyllt

Bergþóra Sigurðardóttir læknir  
Strikinú 10, Garðabæ

bergkristall@simnet.is